



Reykjavík, 10. ágúst 2018

SFS2018070123

142. fundur

HG/sv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Ölduselsskóla

Starf skólastjóra í Ölduselsskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 12. júní sl. í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 26. júní sl. Ráðið var í skólastjórastöðuna frá og með 1. ágúst 2018.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Ölduselsskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogahæfileikum, hefði viðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í leikskólanum með umsókninni.

Tveir sóttu um skólastjórastöðuna. Umsækjendur voru Birna Sif Bjarnadóttir og Gerður Ólína Steinþórsdóttir.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra, sem haldinn var 6. júlí 2018, gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Birna Sif Bjarnadóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Ölduselsskóla.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Birnu Sif Bjarnadóttur skólastjóra við Ölduselsskóla frá 1. ágúst 2018.

Birna Sif lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2006 og M.Ed. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana frá Háskóla Íslands 2017. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 10 ár, sem deildarstjóri í eitt ár og sem aðstoðarskólastjóri í eitt ár, þar sem hún leysti skólastjóra af um lengri og skemmri tíma.